



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2018.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð bænda, 424. mál
Tilv. 2018040001

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. apríl.

Bændasamtökin leggjast ekki gegn því að lögin verði felld úr gildi og Lífeyrissjóður bænda muni eftirleiðis starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Frumvarpið er efnislega samhljóða frumvörpum sem mælt var fyrir á Alþingi á 145. löggjafarþingi (666. mál) og 146. löggjafarþingi (67. mál). Bændasamtökin skiluðu umsögn 18. maí 2016 (666. mál). Þar var lögð áhersla á að afstaða Lífeyrissjóðs bænda um að sértæk útgreiðsla lífeyris, umfram hefðbundinn lífeyri sem viðkomandi hefur áunnið sér, þurfi ávallt lagastoð, skyldi skoðuð sérstaklega og tryggt að réttindi sjóðfélaga yrðu ekki skert með niðurfellingu laganna.

Samtökin draga ekki í efa það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og álit LMB lögmannna um að tryggja megi réttindi tiltekins hóps sem notið hefur réttinda úr sjóðnum í samþykktum sjóðsins og á almennum grunni sem áður nefnd lög kveða á um. Hins vegar er afstaða Lífeyrissjóðs bænda sú að umræddar greiðslur umfram hefðbundinn lífeyri, skuli tryggðar með lögum. Bændasamtökin leggja til að réttindin verði tryggð þannig að við áður nefnd lög nr. 129/1997 bætist nýtt svohljóðandi XIX. ákvæði til bráðabirgða:

Nú andast sjóðfélagi í Lífeyrissjóði bænda sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í samþykktum sjóðsins til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings. Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð bænda skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt.

Þá segir m.a. í 2. gr. laganna að frá og með 1. júlí 2018 skuli aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum áðurnefndra laga og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, eigi síðar en 1. maí 2018. Þannig liggi staðfestar samþykktir fyrir um leið og lögín falla úr gildi. Samtökin telja í fyrsta lagi að úr því sem komið er sé knappur tími til stefnu til slíkra breytinga. Í öðru lagi leggja þau áherslu á að við aðlögun samþykktu sjóðsins að áðurnefndum lögum verði haft samráð við þau sem málsvara nær allra sjóðsaðila.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir